

Tillögur og greinargerðir vegna fundar fjölmenningsráðs með Borgarstjórn Reykjavíkur 30. apríl 2019

Tillaga um að kynna reglur um aðild að frístundakortinu á fleiri tungumálum

Í því skyni að auka meðvitund meðal Reykvíkinga með annað móðurmál en íslensku um hvernig nýta megi frístundakort til að skipuleggja og fjármagna frístundastarf barna samþykkir Borgarstjórn Reykjavíkur að fara í eftirfarandi aðgerðir:

Umsókn um aðild að frístundakorti verði aðgengileg bæði á íslensku og ensku.
Reglur um aðild að frístundakorti verði aðgengilegar bæði á íslensku og ensku.
Ráðist verði í auglýsingaherferð á fleiri tungumálum þar sem frístundakort er kynnt gagnvart mögulegum skipuleggjendum frístundastarfs.

Greinargerð

Töluverð áhersla hefur verið á að kynna frístundakortið fyrir foreldra barna með annað móðurmál en íslensku, enda hafa tölurnar sýnt að nýting frístundakortsins í þeim hverfum þar sem hátt hlutfall íbúa hefur erlendan bakgrunn er jafnan lægri. Leiðbeiningar til foreldra hafa þannig verið þýddar á nokkur tungumál og ráðist í auglýsingaherferðir til kynningar á kortinu.

Þannig hefur áherslan verið á að fjölga þiggjendum frístundastyrksins meðal Reykvíkinga af erlendum uppruna en hingað til hefur minni áhersla verið á að virkja þann mannauð sem til staðar er innan þess fjölbreytta hóps og hvetja fleiri Reykvíkinga af erlendum uppruna til að bjóða upp á og skipuleggja frístundastarf á eigin forsendum.

Sem stendur eru þær umsóknir og leiðbeiningar sem snúa að foreldrum aðgengilegar á nokkrum tungumálum en það sem snýr að aðild að kortinu sjálfu, t.d. leiðbeiningar til félaga, er aðeins aðgengilegt á íslensku. Lagt er til að reglurnar og umsóknareyðublöðin á þeim enda verði einnig til á ensku. Þá er lagt til að farið verði í auglýsingaherferð um þessa hlið frístundastyrksins á nokkrum tungumálum, bæði til að auka meðvitund um möguleikana en ekki síst til að senda út þau skilaboð að Reykjavík líti frumkvæði í þessum efnum jákvæðum augum.

Í kjölfarið má einnig skoða hvort eitthvað í reglunum um aðild að frístundakortinu, t.d. krafa um lögheimili í Reykjavík, krafa um félag o.s.frv. hamli um of möguleikum á nýtingu kortsins og leggja til breytingar.

Tillaga um tilraunaverkefni um rafræna upplýsingagjöf

Fjölmenningarráð leggur til tilraunaverkefni sem snýr að rafrænni upplýsingagjöf fyrir innflytjendur með vefspjalli eða rafrænni gátt sem svarar fyrirspurnum á öðrum tungumálum en íslensku innan skamms tíma.

Greinargerð

Þörfin fyrir upplýsingagjöf til íbúa Reykjavíkur af erlendum uppruna er brýnt málefni sem kemur ítrekað upp á Fjölmenningarþingi borgarinnar sem og öðrum samráðsvettvöngum um málefni innflytjenda.

Nauðsynlegt er að miðla upplýsingum til innflytjenda, umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks í samvinnu við ríkið og önnur sveitarfélög. Mikilvægi þess er ávarpað í meirihlutasáttmála sem og í gildandi stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Mikilvægt er að taka þetta samtal við ríkið eins og kemur t.d. fram í umsögnum um þingsályktunartillögu um ráðgjafarstofu innflytjenda bæði frá sviðum Reykjavíkurborgar sem og hagsmunasamtökum innflytjenda, s.s. HOLA – samtökum spænskumælandi á Íslandi og Samtökum kvenna af erlendum uppruna sem eiga fulltrúa í fjölmenningarráði.

Mikil þekking er til staðar á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar sem hægt væri að nýta í þetta verkefni, bæði hvað varðar sértæka upplýsingaþörf innflytjenda sem og á öðrum málefnum borgarkerfisins. Auk annarra tungumála tala starfsmenn þar ensku og pólsku og gera má ráð fyrir að mestur fjöldi fyrirspurna berist á þeim tungumálum. Erindi á öðrum tungumálum mætti frumgreina með hjálp rafrænna þýðingartóla. Skýrar reglur þyrfti að móta bæði varðandi verklag og hvenær ætti að vísa viðkomandi til sérfræðinga á öðrum sviðum borgarkerfisins, t.d. skóla- og frístundasviðs eða velferðarsviðs eða hvenær þarf að kalla til túlk eða fá aðra aðstoð varðandi tungumál.

Telja má öruggt að með þessari aðgerð væri hægt að mæta brýnni þörf en einnig spara vinnu og fjármagn með því að leysa mál snemma á skilvirkan og einfaldan hátt.

Tillaga um að menntun verði metin og viðurkennd

Fjölmenningarráð leggur til að Reykjavíkurborg fari í átak til þess að kynna og styðja starfmenn borgarinnar sem eru af erlendum uppruna í því að fá menntun sína metna og viðurkennda.

Greinargerð

Það er hagur allra, jafnt starfsmanna af erlendum uppruna, Reykjavíkurborgar sem og allra borgarbúa að starfsfólk af erlendum uppruna njóti menntunar sinnar og hæfni til fulls. Mikið tap er fólgið í því að nýta ekki menntun, hæfni, þekkingu og reynslu sem innflytjendur koma með til landsins – menntun sem var ekki einungis ókeypiss fyrir íslenska kerfið heldur hefur oft aukna þekkingu og önnur sjónarmið í för með sér sem hafa mikinn ávinning fyrir vinnumarkaðinn hér.

Mikilvægast í þessu samhengi verður að teljast launamunur á grundvelli uppruna sem er jafn ólíðandi og kynbundinn launamunur. Í fyrra voru samþykkt lög um jafna meðferð á vinnumarkaði og jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna.

Greining á launamun innflytjenda og innlendra sem Hagstofa birti í mars sl. sýnir að launamunur milli þessa hópa skýrist að stórum hluta af atvinnutengdum þáttum svo sem starfi, atvinnugrein, vinnutíma, reynslu og ábyrgð. Niðurstöðurnar benda einnig til þess að innflytjendur fái síður störf við hæfi og í samræmi við menntun þeirra (<https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/lifskjor/felagsvisar-serhefti-um-innflytjendur/>). Greiningin sem Hagstofan vann 2017 fyrir Reykjavíkurborg sýnir að starfsfólk með erlent ríkisfang er með 23,7% lægri grunnlaun en starfsfólk með íslenskt ríkisfang og 24,7% lægri heildarlaun en leiðréttur launamunur grunnlauna, s.s. með tilliti til starfaflokks, menntunar etc., var skv. þessu 3,1% (<https://reykjavik.is/frettir/kynbundinn-launamunur-minnkar-enn-hja-reykjavikurborg>).

Hér þarf að ganga út frá því að launamunur sé helst vegna þess að fólk fær ekki framgang í störfum sínum, bæði vegna þess að það kemst ekki í réttan launaflokk, vegna þess að menntun þess er ekki metin og kemst því ekki heldur í ábyrgðarmeiri störf sem eru yfirleitt betur launuð.

Stefnumótun Reykjavíkurborgar sem og núverandi meirihluta ávarpar þetta skýrt en í meirihlutasáttmála núverandi meirihlutans (2018) stendur: „Sérstaklega þarf að vinna gegn launamun byggðum á uppruna eða ríkisfangi.“

Einnig segir í aðgerðaáætlun stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðleg vernd (2018):

II.1. Sérstaka áherslu skal leggja á að leiðbeina innflytjendum sem starfa hjá Reykjavíkurborg um mat á menntun sinni og starfsreynslu, þannig að hún nýtist til launahækkana og framgangs í starfi, og um tækifæri til starfsþróunar og símenntunar almennt.

Mikilvægt er þess vegna að bæði miðlæg mannauðsstjórn og starfsmannastjórar allra sviða fari í samræmt átak svo hægt sé að vinna gegn þessum launamun. Einnig þarf að skoða hvernig reynsla og þekking úr kynjaðri fjárhags- og starfsáætlunargerð og -greiningu nýtist í þessari vinnu.

Tillaga um fjölgun brúarsmiða

Fjölmeningarráð leggur til að efla og fjölga brúarsmiðum á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar sem sinna starfi með börnum af erlendum uppruna ásamt því að veita skólum og foreldrum ráðgjöf.

Greinargerð

Á vorönn 2019 voru 2385 fjöltyngd börn í grunnskólum Reykjavíkur sem er tæp 17% nemenda í grunnskólum sem eru tvítyngd. Stærsti hópurinn er pólskumælandi eða 4% nemenda í grunnskólum Reykjavíkur, á þessari stund er einn pólskumælandi brúarsmiður starfandi í 60% stöðugildi sem styður við grunnskóla, leikskóla og frístundastarf. 1,3% barna í grunnskólum Reykjavíkur eru filippseyskumælandi og höfum við einn brúarsmið í 100% starfi en 1,2% barna í grunnskólum Reykjavíkur eru spænskumælandi og 0,7% víetnömskumælandi, næst á eftir koma litháenska, arabíska og tælenska.

Þann 1. október 2018 voru 1282 fjöltyngd börn í borgarreknum leikskólum Reykjavíkur, það er 24% barna í leikskólum Reykjavíkur sem voru tví- eða fjöltyngd. Í þessum 62 leikskólum Reykjavíkur eru 5,8% barna með pólsku að móðurmáli, 1,5% með filippseysku, 1,1% með víetnömsku, 1% með rússnesku, ensku eða litháísku að móðurmáli og 0,9% með spænsku og þar á eftir koma arabíska, tælenska og portúgalska. Inni í þessari heildartölu er einnig fjöldi barna sem eru fædd á Íslandi, svokölluð önnur kynslóð, en einnig börn með annað foreldri erlent, eða börn íslenskra foreldra sem hafa dvalið erlendis.

Brúarsmiður er tvítyngdur stuðningsaðili/kennari sem kemur inn í kennslustofuna. Hann getur unnið sem farkennari milli skóla. Brúarsmiðir sem starfa nú þegar á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar vinna út frá Miðju máls. Vinna þeirra stuðlar að virku tvítyngi nemenda og jafnvel tvítyngdu læsi.

Samkvæmt íslenskum rannsóknum á orðaforða fjöltyngdra nemenda (Sigríður Ólafsdóttir, 2015, 2018) og skv. prófi Milli mála sem var hannað af Elínu Þöll Þórdardóttur, tekst nemendunum ekki að „loka skærunum“ og ná meðaltali íslenskra jafningja, jafnvel á margra ára tímabili. Brúarsmiðir eru með praktísk ráð um hvernig eigi að auka orðaforða nemenda. Foreldrasamstarf er lykilatriði fyrir árangursríka skólagöngu. Þátttaka foreldra í skólastarfi, þekking á skólakerfinu, stuðningur foreldra við skólagöngu barna – allt hefur þetta sterkt forspárgildi fyrir árangur nemenda; skólinn þarf að teygja sig til erlendra foreldra og bjóða þá velkomna. Það getur þó verið erfitt vegna ýmissa þátta, s.s. tungumál, annar menningarheimur og aðrar hugmyndir um menntun, skortur á hagnýttum upplýsingum um foreldrafélög, foreldraráð, skólaráð, nemendaráð, skólaþing og þess háttar. Brúarsmiðir búa yfir upplýsingum um íslenskt skólakerfi sem þeir geta miðlað til erlendra foreldra.

Kennara skortir oft kennslufræðilega þekkingu fyrir kennslu í margbreytilegum hópum, sem og fræðilegan grunn fyrir fjölmenningarlega kennsluhætti en brúarsmiðir hafa þekkingu á þörfum fjöltyngdra nemenda.

Virkt tvítyngi er mikilvægt markmið fyrir fjöltyngda nemendur skv. aðalnámskrá grunnskóla. Aðrar stefnur styðja við þetta markmið:

- o Heimurinn er hér
- o Stefna í málefnum innflytjenda (III.15. Efla skal fjölmenningarlega kennsluhætti innan grunnskóla eins og kveðið er á um í stefnu skóla- og frístundasviðs um fjölmenningarlegt

skóla- og frístundastarf. Auka skal vægi íslensku- og móðurmálskennslu fyrir tvítýngd börn í leik- og grunnskólum og stuðning við foreldra hvað varðar tvítýngi. Tímasetning: 2018-2019
Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið)

- o Málstefna Reykjavíkur
- o Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2016-19
- o Norræna tungumálastefnan
- o Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
- o Skýrsla starfshóps um móðurmálskennsla barna með annað móðurmál en íslensku (2015)

Það er komin mikil reynsla hjá núverandi brúarsmiðum sem tilheyra pólsku og filippseysku málsamfélagi. Verkefnið var kynnt við ýmis tækifæri fyrir kennurum og sérfræðingum við jákvæðar undirtektir. Á skólaárinu 2017-2018 voru 561 beiðnir til brúarsmiða og þurftu margar þeirra fleiri en einn fund. Brúarsmiður í pólsku er ekki að komast yfir allar beiðnir sem til hennar koma og hefur því þurft að vísa þeim frá.

Mikilvægt er að kortleggja þetta starf og hlusta á raddir núverandi brúarsmiða um þær þarfir í skólum sem þeir eru að mæta dagsdaglega og þess vegna að fjölga brúarsmiðum til þess að ná til fleiri sem þurfa.

Tillaga um heildstætt átak gegn fordómum og hatursorðræðu

Lagt er til að Reykjavíkurborg fari í heildstætt átak gegn fordómum og hatursorðræðu í garð innflytjenda í þeim tilgangi að stuðla að þróun samfélags þar sem allir samfélagsþegnar fái að lifa með reisn, í sátt og samlyndi. Átakið gæti snúið fyrst að vinnustöðum Reykjavíkurborgar og svo að samfélaginu í heild sinni með það að markmiði að auka vitund um fjölbreytni samfélagsins, hvetja til jákvæðara orðfæris og raungera hin auknu gæði og tækifæri sem fjölbreytileiki felur í sér. Ekki síst er mikilvægt að efla faglega þekkingu starfsfólks Reykjavíkurborgar á menningarnæmi og -færni.

Greinargerð

Í Reykjavík búa 18.470 innflytjendur og tæplega 14% mannfjölda í Reykjavík eru af erlendum uppruna. Hjá verkefninu Intercultural Cities hjá Evrópuráðinu er hægt að finna skilgreiningu á fjölmenningarlegri borg: „Borg sem hýsir fólk af ólíku þjóðerni, uppruna með ólíku tungumáli og/eða trú/átrúnaði. Pólitískir leiðtogar og flestir íbúar huga að fjölbreytni með jákvæðni að leiðarljósi og sjá fjölbreytt mannlíf sem mannauð. Borgin er virk í að sporna gegn fordómum og aðlagar stjórnarhætti sína, stofnanir og þjónustu að fjölbreyttum þörfum borgarbúa. Borgin gerir áætlanir og býr yfir verkfærum til að vinna með fjölbreytni og bregðast við menningarlegum átökum. Svo hvetur borgin til aukinna og gagnkvæmra samskipta milli fjölbreytta hópa í almannarými“. [1]

Mikilvægt er að fordómar, einelti, mismunun og áreitni gegn innflytjendum á vinnustöðum Reykjavíkurborgar verði ekki liðið og stjórnendur þurfa að bregðast við á grundvelli mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum, þegar þeir verða varir við slíka hegðun innan vinnustaðarins. Lagt er til að farið verði í sérstakt fræðslu- og eftirlitsáttak þar sem stjórnendur Reykjavíkurborgar verði upplýstir um skyldur þeirra samkvæmt ofantöldum stefnum og lögum. Framkvæmd tillagnanna felst í því að veita fræðslu og forvarnir á vinnustöðum Reykjavíkurborgar með sérstakri fræðslu til þeirra sem vinna með börnum í skóla-, íþrótt- og æskulýðsstarfi sem og foreldrum þeirra. Fræðslu um birtingarmyndir fordóma, eineltismál tengd því og viðbrögð við því verði komið á og viðhaldið reglulega, sérstaklega meðal þeirra sem vinna með börn og ungmenni. Einnig má beina sjónum á starfsstöðvar sem vinna í framlínunni við að veita þjónustu við íbúa af erlendum uppruna. Í MA-rannsóknarverkefni Nadíu Borisdóttur frá 2016 um starf félagsráðgjafa í barnavernd með fjölskyldum af erlendum uppruna kom t.d. fram að þörf sé á meiri fræðslu í þessum efnum og af frásögnum félagsráðgjafa að dæma þá er þörfin afar brýn. Ljóst er að félagsráðgjafar leggja áherslu á fræðslu fagaðila í vinnu með fólki af erlendum uppruna. [2] Hér þyrfti mannréttindaskrifstofa að búa til kynningarefni sem stuðlar að vitundarvakningu um fordóma, einelti og hatursorðræðu, auka þekkingu á málefnum innflytjenda og stuðla að jákvæðri orðræðu í garð innflytjenda á vinnustöðum og í samfélaginu sem heild.

Guðrún Pétursdóttir (2013) leitaði svara við spurningunni að hversu miklu leyti fólk af erlendum uppruna upplifir dulda fordóma og mismunun á Íslandi, hvar slík upplifun á sér helst stað og hvaða áhrif hún hefur á þá sem fyrir henni verða. Niðurstöður benda til þess að meirihluti fólks af erlendum uppruna upplifi reglulega virðingarleysi og mismunun sem vekur með þeim neikvæðar eða afar neikvæðar tilfinningar. Fram kom að 63% þátttakenda af erlendum uppruna hafa upplifað einhverja birtingarmynda fordóma fimm sinnum eða oftar en sambærilegt hlutfall var 6% meðal Íslendinga. 36% fólks af erlendum uppruna hefur upplifað

fordómafulla framkomu gagnvart sér 10 sinnum eða oftar, en engir Íslendingar. 15% fólks af erlendum uppruna hafa upplifað fordóma oftar en 20 sinnum á 14 daga tímabili. Einnig kom fram að lítil munur var milli þjóðernishópa þegar skoðað var hversu margir upplifðu neikvætt viðmót einu sinni eða oftar á tveggja vikna tímabili. [3]

Frásagnir kvenna af erlendum uppruna í tengslum við #MeToo byltinguna einkenndust af fordómum, mismunun, markvissu niðurbroti, vanrækslu, útilokun og misnotkun. Margar konur af erlendum uppruna upplifðu það að hafa verið yfirgefnar og einangraðar af hálfu samfélagsins. Það að konur skyldu stíga hér í sameiningu fram opnaði augun samfélagsins sem hafði lengi annað hvort ekki vitað af eða horft fram hjá þeim fjölmörgu brotum gegn konum af erlendum uppruna. Margar þessara kvenna upplifðu sig ekki öruggar og mörgum fannst þær ekki eiga sama rétt til verndar eða jafnrar stöðu í íslensku samfélagi. Enn heyrir varla opinber umræða um stöðu alviðkvæmasta fólksins af erlendum uppruna sem er hinsegin og fatlað og mikilvægt að fylgjast með því hvort það verður fyrir fordómum, einelti, mismunun eða áreitni. Slík átak eins og hér er lagt til væri tækifæri til að koma betur til móts við fólk af erlendum uppruna almennt og sér í lagi konur, hinsegin eða fatlað fólk og stuðla að virkni og félagslegri þátttöku þeirra í samfélaginu.

Mikilvægt er að horfast í augu við hvernig sífelldar niðrandi umræður um útlendinga, flóttafólk og aðra minnihlutahópa á grundvelli uppruna, trúar, kynhneigðar eða réttarstöðu hafa þróast í vesturlöndum á undanförunum árum, eigi síður hérlendis. Einungis þarf að lesa ummæli og umræður sem birtast undir fréttum um ofantalda hópa á vefmiðlum hér á landi til að skilja að slíkar umræður ala á andúð og fordómum sem við viljum helst losa okkur við. Slík ummæli sem beinast að minnihlutahópum gagnast einungis þeim sem vilja halda jaðarsettum hópum neðst í samfélaginu og jafnvel til að réttlæta útskúfun, ofbeldi og fordóma.

Það er mikilvægt að hafa í huga varðandi þróun samfélagsins að nemendur af erlendum uppruna eru tvöfalt líklegri til að verða fyrir einelti í grunnskólum en nemendur af íslenskum uppruna. Þetta er meðal niðurstaðna í BA-rannsókn Bylgju Sigmarsdóttur frá árinu 2016. [4] Ekkert þrífst jafnvel í skugga haturstjáningar og einelti. Nýlega var birt frétt af alvarlegu atviki í Grafavogi þar sem hópur af íslenskum unglingspiltum plötuðu dreng af erlendum uppruna til að hitta þá hjá verslunarkjarna þar sem þeir biðu eftir honum til þess að ráðast á hann. Í fréttinni var sagt að drengur af erlendum uppruna hafi verið „kallaður skítugur útlendingur“ og að þeir hafi skipað honum að sleikja skóna sína. Þegar hann neitaði var ráðist á hann og fékk hann högg í andlitið. [5]

Tillagan sem hér er lögð fram er þess vegna tækifæri fyrir Reykjavíkurborg til að vera leiðandi í samfélagslegri þróun sem einkennist af umburðarlyndi, samkennd og því að vera alvöru fjölmenningsborg eins og er skilgreint hjá Intercultural Cities.

[1] Intercultural Cities Reykjavik: Results of the Intercultural Cities Index (2014) <https://rm.coe.int/CoERMPublicCommonSearchServices/DisplayDCTMContent?documentId=09000016802ff6de>

[2] Nadia Borisdóttir (2016) Starf félagsráðgjafa í barnavernd með fjölskyldum af erlendum uppruna. <https://skemman.is/handle/1946/26389>

[3] Guðrún Pétursdóttir (2013) Birtingarmyndir dulinna fordóma og mismunun í garð innflytjenda á Íslandi. Íslenska þjóðfélagið, Vol 4 (2013)

[4] Bylgja Sigmarsdóttir (2016) Einelti Afleiðingar, úrræði og staða barna með erlendan bakgrunn. https://skemman.is/bitstream/1946/24393/1/Einelti_lokaritger%C3%B0.pdf

[5] Ingunn Lára Kristjánsdóttir (2019) Fréttablaðið <https://www.frettabladid.is/frettir/hopur-af-unglingum-redst-a-erlendan-dreng-i-grafarvogi/>